



VÍRASTROFFUR

Leiðbeiningar um notkun og öryggiskröfur fyrir vírastroffur:

- Vírastroffur og vírastroffusamsetningar þarf að sjónskoða fyrir hverja notkun, með tilliti til yfirborðsskemmda, skoða hvort brot sé í vírnum, hvort merkjanleg tæring eða slit sé í vírum og/eða samsetningum.
- Leiki vafi á einhverju, leitið þá ráða hjá þeim sem hafa þekkingu á viðeigandi búnaði.
- Athuga þarf fyrir hverja notkun á vírastroffum hvort þær henti fyrir viðeigandi notkun.
- Þegar hífa á með nokkrum vírastroffum eða samsettum vírastroffum þá þarf að tryggja að álag dreifist jafnt á alla víra.
- Athuga þarf hvort þrykkingar séu réttar, fyrir hvert híf (t.d. að endar á splæsi standi ekki út úr vírum).
- Ganga úr skugga um að augun á vírnum séu í réttri stærð til að passa á krókinn á krananum.
- Nauðsynlegt er að nota H eða D lása eða annan viðurkenndan búnað í augun á vírnum til að tryggja rétta festingu/tengingu á milli kranakróks og vírastroffu.
- Tryggja að kranakrókur hafi viðeigandi búnað/öryggi til að koma í veg fyrir að vírstroffunum eða samsettar stroffur renni ekki upp úr króknum.

Vírstroffutafla

EN 13414-1 - Taflan hér að neðan sýnir LVÁ (leyfilegt vinnuálag) í tonnum, fyrir ýmsar útfærslur af víraslingum. Miðað við kranavír 6x36IWRC (1960 N/mm ²).								
Lóðrétt horn	Einn leggur	Snörutog	Tvöfalt snörutog	Tveir leggir	Þrír og fjórir leggir	Kappmella		
								
	0°	Lóðrétt horn	0° - 45°	0° - 45°	>45° - 60°	0° - 45°	>45° - 60°	0°
mm	Stuðull 1	Stuðull 0.8	Stuðull 1.1	Stuðull 1.4	Stuðull 1	Stuðull 2.1	Stuðull 1.5	Stuðull 1.6
8	0.750	0.60	0.82	1.05	0.750	1.55	1.10	1.20
10	1.15	0.96	1.26	1.60	1.15	2.40	1.70	1.35
11	1.40	1.12	1.54	2.00	1.40	3.00	2.12	2.25
12	1.70	1.36	1.87	2.30	1.70	3.55	2.50	2.70
13	2.00	1.60	2.20	2.80	2.00	4.15	3.00	3.15
14	2.25	1.84	2.47	3.15	2.25	4.80	3.40	3.70
16	3.00	2.40	3.30	4.20	3.00	6.30	4.50	4.80
18	3.70	3.04	4.07	5.20	3.70	7.80	5.65	6.00
20	4.60	3.84	5.06	6.50	4.60	9.80	6.90	7.35
22	5.65	4.56	6.21	7.80	5.65	11.80	8.40	9.00
24	6.70	5.44	7.37	9.40	6.70	14.00	10.00	10.60
26	7.80	6.40	8.58	11.0	7.80	16.40	11.50	12.50
28	9.00	7.20	9.90	12.5	9.00	19.00	13.50	14.50

Vírastroffur eru búnar til í þeim lengdum og sverleika sem viðskiptavinur óskar eftir hverju sinni og eru því ekki lagervara. Uppgefin lengd á stroffu er miðuð við innanmál frá auga í auga. Hægt er að fá stimpil á álhólkinn með LVÁ.